

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ábyrgð hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Sigurjónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður, fellur niður.

Mánudaginn 14. nóvember 1988.

Nr. 5/1988.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

X

(Arnmundur Backman hrl.)

Líkamsárás. Skilorð. Frestun refsingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1987 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvaldsins til þyngingar.

Ákærði krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins, til vara að refsing verði felld niður eða frestað verði ákvörðun um refsingu, og til þrautavara að honum verði gerð vægasta refsing, sem lög leyfa, og að sú refsing verði skilorðsbundin. Þá krefst ákærði málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs.

Fyrir Hæstarétti lýsti saksóknari því yfir, að hann féllist á frávisun héraðsdómara á skaðabótakröfu Ármanns Reynis Tómassonar, og er sú krafa því ekki til meðferðar hér fyrir dómi.

Fallast ber á með héraðsdómara, að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás, sem refsiverð er eftir 218. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Eins og lýst er í héraðsdómi var ákærði, sem var 16 ára gamall, ásamt þremur ungmönnum að baða sig í heita læknum í Nauthólsvík, er Ármann Reynir Tómasson, 44 ára að aldri, kom þar að. Af framburði Ármanns Reynis og annarra vitna verður að telja sannað, að hann hafi með klúryrðum og áreitni átt upptök að átökum þeim, sem urðu milli hans og ákærða og ekki sinnt beiðni þeirra um að vikja á brott. Þegar tekið er tillit til ungs aldurs ákærða og samkvæmt lokaákvæði 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981, og með heimild í a-lið 1. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, þykir rétt að fresta ákvörðun um refsingu ákærða og falli hún niður að liðnu einu ári frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð sömu greinar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, X, skal fresta og hún falla niður að liðnu einu ári frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. desember 1987.

Ár 1987, fimmtudaginn 3. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 691/1987: Ákærvaldið gegn X, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. október 1987, á hendur X, Reykjavík, fæddum 12. apríl 1970 í Reykjavík, „fyrir líkamsárás með því að hafa um miðnætti 17. febrúar 1987 í Nauthólsvík í Reykjavík slegið Ármann Reyni Tómasson, fæddan 18. febrúar 1943,

hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut brot á neðan-augntóttarrönd og kinnboga vinstra megin, en til átaka hafði komið með ákærða og Ármanni Reyni í greint skipti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist.“

Málavextir.

Vitnið Ármann Reynir Tómasson hefur skýrt frá því að hann hafi brugðið sér í heita lækinn í Nauthólsvík þriðjudagskvöldið 17. febrúar 1987. Þar hafi hann fengið áfengi að drekka og orðið hreifur. Þegar hann hafði lokið við að baða sig hitti hann tvo pilta og tvær stúlkur sem voru í læknum. Kveðst hann hafa tekið þau tali. Hann hafi látið falla við þau klúryrði í einhverjum hálfkæringi. Hafi þá annar pilturinn orðið reiður, komið upp úr læknum og veist að vitninu með höggum í andlitið og hafi hann auk þess hrint vitninu út í lækinn. Hinn pilturinn hafi einnig komið upp úr og veitt félaganum sínunni lið og hafi þeir felld vitnið til jarðar, og hafi annar þeirra sparkað þar í andlit vitnisins. Veit vitnið ekki hvor þeirra gerði það. Kveðst vitnið hafa getað staðið á fætur og verið að ganga á brott þegar fyrri pilturinn veittist að honum aftur og sló vitnið aftur einhver högg.

Ákærði hefur greint frá því að maður hafi komið að þeim fjórum, X, A, B og C, þar sem þau lágu nakin í læknum. Hafi hann farið að eiga við föt þeirra og klæmast við þau, og þegar hann sinnti ekki tilmælum ákærða um að fara í burtu kvaðst ákærði, sem var undir áhrifum áfengis, hafa farið upp úr og farið að stjaka við manninum sem þá tók á móti. Úr þessu hafi orðið áflog með þeim. Hafi þeir slegið hvor til annars og hafi maðurinn slegið ákærða á munninn svo að kvarnaðist úr tönn, en ákærði kveðst hafa komið höggum á andlit mannsins. Maðurinn hafi fallið til jarðar einu sinni eða tvisvar en hafi staðið upp aftur og þeir haldið áfram áflogunum. Félagi ákærða, C, hafi veitt sér lið með því að fella manninn einu sinni til jarðar, en hann hafi hvorki slegið manninn né sparkað í hann og ekki veitt honum neina áverka. Ákærði kvaðst ekki heldur hafa sparkað í manninn.

Eftir 10-15 mínútur hafi þeir maðurinn hætt átökunum og piltar sem komu þarna að hafi kallað til lögreglu að beiðni ákærða.

Vitnið C hefur skýrt frá því að maðurinn hafi farið að klæmast við þau í læknum, tekið föt þeirra og fært þau til á bakkanum. Ákærði hafi þá farið upp úr og stjakað við manninum. Hafi þá komið til handalögmála með þeim ákærða og manni þessum, og hafi þeir slegið hvor annan í andlitið. Báðir hafi þeir fallið til jarðar nokkrum sinnum en staðið upp

aftur og haldið áfram en hætt að lokum. Vitnið kveðst hafa haft þau ein afskipti af átökunum að draga manninn eða hrinda honum ofan af ákærða í eitt sinn sem maðurinn hafði X undir. X hafi aldrei sparkað í manninn heldur aðeins notað hendurnar.

Vitnið A hefur borið að maður sem þóttist vera vörður við lækinn hafi komið að þeim fjórum nöktum í læknum og klæmst við þau. Þau hafi beðið manninn að fara en hann hafi ekki viljað það. Ákærða hafi mislíkað þetta og hafi hann farið upp úr læknum og rætt við manninn. Skyndilega hafi þeir farið að slást en vitnið kveðst þá hafa hætt að fylgjast með þeim.

Vitnið Hans Guðmundsson Wíium kveðst hafa komið þar að sem tveir menn voru að slást við lækinn. Skildist vitninu að eldri maðurinn hefði verið með kynferðislega áreitni við unga stúlku. Sá yngri þeirra bað hinn eldri um að fara í burtu en hinn eldri hrinti hinum nokkrum sinnum. Sá yngri sló á móti tvö högg, ekki föst, í andlit þess eldra. Vitnið kveðst hafa fengið mennina til þess að hætta áflogunum og brá sér frá, en þegar vitnið kom aftur voru mennirnir komnir í hár saman að nýju.

Vitnið kveður eldri manninn hafa verið undir áhrifum áfengis en kveðst ekki hafa séð vín á hinum.

Vitnið B skýrði frá því, að maður hafi komið að þeim fjórum, sem í læknum voru, og farið að klæmast við þau. Þeim hafi mislíkað þetta og beðið hann um að hafa sig á brott. Ákærði hafi farið upp úr læknum þegar maðurinn sinnti þessu ekki og áréttaði þetta við manninn. Hann hafi stjakað við aðkomumanninum til áherslu og hafi maðurinn þá hrasað ofan í lækinn. A hafi orðið mikið um þetta og kveðst vitnið þá hafa snúið sér að henni og því ekki séð framhaldið nema út undan sér. Hafi það ekki virst vera mikil átök. Þegar þau hafi farið upp úr læknum nokkru seinna hafi þeir ákærði og maðurinn staðið þar skammt frá á tali og virtist fara vel á með þeim.

Vitnið D hefur borið að hann hafi séð ákærða og annan mann í handalögmaðlum á lækjarbakkanum og hafi þeir slegið hvor til annars með krepptum hnefum og reynt að hitta í andlit hvor annars. Hafi ákærði haft betur og maðurinn fallið. Þeir hafi rokið saman aftur og telur vitnið að áflogin hafi varað í 15-20 mínútur.

Lögreglumenn, sem höfðu verið kvaddir að læknum vegna áfloganna skömmu eftir miðnætti, fluttu Ármann Reyni á Slysadeild Borgarspitalans. Í vottorði Sigurveigar Pétursdóttur læknis segir eftirfarandi um áverkana á honum:

„Skoðun leiðir í ljós að hann er með hematoma yfir báðum kinnbeinsbogum (arcus zygomaticus) og er ójafna í þessu vinstra megin. Hann er því með glóðarauga á hægri auga og mikla bólgu yfir nefi, cinnig er blæðing í slímhimnu auga vinstra megin. Sjón góð og augnhreyfingar eðlilegar.

Rtg.mynd af andlitsbeinum: „Það er brot í margo infraorbitalis vi. megin án teljandi dislocation. Einnig er grunur um brot í laterala vegginn á situs maxillaris vi. megin og sturulyis í sutura frontozomatica vi. megin. Það er brot aftantil í acrus zygomaticus vi. megin með corticalis breiddar innkýlingu á aftari brotendanum. Það er vökvi í sins maxillaris vi. megin“ (Jón Guðmundsson rtg.læknir).

Haft var samband við háls-, nef- og eyrnalækna vegna þess að sjúklingur hafði kinnbeinsbrot eins og segir í rtg.lýsingu og var sjúkling stefnt á Háls-, nef- og eyrnadeild að morgni. Páll B. Stefánsson leit á sjúkling og gerði ekki ráð fyrir að rétta þyrfti brot en ráðlagði endurkomu á H.N.E. tveim til þrem dögum eftir 18. Hefur meðferð síðan verið alfarið í höndum Páls á H.N.E.-deild Bsp.

Áverki sem þessi er nokkuð klassískur fyrir högg á kinnbein. Hann sést gjarnan eftir slagsmál.“

Niðurstaða.

Ármann Reynir Tómasson telur að annaðhvort ákærði eða C hafi sparkað í andlit sér. Þessi frásögn hans nýtur ekki stuðnings af öðru sem fram er komið í málinu og ber að hafna henni.

Sannað er með framburði ákærða og vitna að þeir ákærði og Ármann Reynir Tómasson áttu í áflogum undir miðnætti þriðjudagskvöldið 17. febrúar 1987 við heita lækinn í Nauthólsvík. Telja verður að þeir hafi báðir átt upptök að þeim áflogum. Í þeim veitti ákærði Ármanni Reyni þá áverka sem í ákæru og læknisvottorðinu greinir með því að slá hann í andlitið. Hefur hann því brotið gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu Ármanns Reynis Tómassonar hefur Hilmar Björgvinsson hér- aðsdómslögmaður gert svofellda bótakröfu:

- „1. Bætur fyrir líkamstjón kr. 210.000,00.
2. Almennir sparisjóðsveitir Landsbanka Íslands frá 17. febrúar 1987 til greiðsludags.
3. Innheimtulaun skv. gjaldskrá LMFÍ.“

Krafa þessi er óljós og ekki studd gögnum. Ber því að vísa henni frá dómi.

Viðurlög.

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um refsivert athæfi. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 daga varðhald. Rétt þykir þó að fresta fullnustu hennar og hún falli niður að liðnum 2 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti varðhaldi í 30 daga. Fullnustu refsingarinnar skal fresta og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlauð til skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Fimmtudaginn 17. nóvember 1988.

Nr. 201/1987. **Hildur Halldóra Karlsdóttir**

(Ingvar Björnsson hdl.)

gegn

Ernu Kristínu Siggeirsdóttur

(Gardar Gardarsson hrl.)

Lausafjárkaup. Gallar. Útivist stefndu í héraði. Áfrýjunarfrestur. Kröfu um, að fjárnámsgerð verði felld úr gildi, vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júní 1987 og gerir þessar dómkröfur: „1. *Aðallega*, að kröfur hans í héraði verði teknar til greina. 2. *Til vara*, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnda í héraði. 3. *Til þrautavara*, að kröfufjárhæðir stefnda í héraði verði lækkaðar verulega. 4. Að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. 5. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti að mati réttarins.“